

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Sent á tölvupóstfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 13. mars 2019
UST201902-309/S.P.
04.04

Efni: Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar að endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, þingskjal 187 - 184. mál.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að markmið endurskoðunar laga vegna uppkaupa á landi sé horft til umhverfissjónarmiða og ákvæða um almannarétt. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sé fylgt, þ.á.m. ákvæða fjórða kafla laganna sem fjallar um almannarétt. Í kaflanum er almannarétturinn lögfestur og fjallað um hvaða takmarkanir eru á honum (kaflinn er í endurskoðun hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Rétt er að taka fram að Umhverfisstofnun hefur heimildir til þess að bregðast við ef landeigendur hindra almannarétt með ólögmætum hætti, sbr. 29. gr. laganna.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd hefur ríkissjóður forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá að þeim aðilum frágengnum sem veittur er forkaupsréttur með jarðalögum. Frekari upplýsingar um nágildandi náttúruminjaskrá er að finna hér: <https://ust.is/einstaklingar/nattura/naturuminjaskra/>

Stofnunin lýsir sig reiðubúna til frekari aðkomu sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
lögfræðingur